

kostnaðarins að koma í sjálf lögin, þar á meðal bein ákvæði um borgunina til hreppstjóra, aðstoðarmanna o. s. frv. 49

Brjef landshöfðingja.

Alþingi það, er saman kom á yfirstandandi ári, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, er borið hafði verið upp af hálfu þingmanna, og leyfi jeg mjer lotningarfyllst að senda ráðaneytinu það eins og það fyrir liggur frá þingsins hálfu, og jafnframt danska þýðingu af því.

Lagafrumvarp það, er hjer ræðir um, á að koma í staðinn fyrir tilsk. 8. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og er yfir höfuð samið með hana fyrir augum. Hin helzta breyting, sem á hefir verið gjörð, er fólgin í því, að samkvæmt lagafrumvarpinu er sveitarstjórnunum: hreppsnefndum og amtsráðum, sem eigi voru til, þegar tilsk. 1866 var útgefin, fengin hlutdeild í hinu opinbera eptirliti með heilbrigðisástandi sauðfjárins. Þannig er í fyrstu grein lagafrumvarpsins hreppsnefndunum og bæjarstjórnunum lögð á herðar hin sama skylda og hreppstjórnunum, að kynna sjer heilbrigðisástand sauðfjenaðarins og skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá, þegar þeir komast að raun um eitthvað, sem bendir til þess að næmur sjúkdómur gjöri vart við sig. Því næst er amtsráðunum samkvæmt 4. gr. lagafrumvarpsins gefið vald til hvert í sínu amti að semja reglugjörð, er setji fastar reglur um skoðun og böðun fjárins, um baðlyf það, sem nota á, um aðgreining á sjúku og grunuðu fje og því, sem enginn grunur er á, um sótthreinsun fjárhúsa o. fl., og skal jafnframt taka upp í reglugjörðirnar ákvæði um, hvernig greiða skuli kostnað þann, er leiðir af ráðstöfunum hins opinbera samkvæmt lagafrumvarpinu, að undanteknum kostnaðinum við sjálfa böðunina og eptirlitið hjá hinum einstöku fjáreigendum, er greiðast skal af þeim sjálfum. Að gefa amtsráðunum slíkt vald í hendur, er að mínu áliti miður heppilegt, með því það mestmegnis er fólgið í lögregluráðstöfunum, sem eðlilegast hefði verið að fela hinum æðri lögreglyfirvöldum amtmönnunum, að kveða á um, auk þess er hætt við að hið nauðsynlega samræmi í ráðstöfunum þessum eigi faist, ef þær eru ákveðnar af hverju amtsráði í sínu amti. Hvað því einkum viðvíkur, hvernig kostnaðurinn við ráðstafanir þær, er gjörðar eru samkvæmt lagafrumvarpinu, t. d. þóknun til hreppstjóra og aðstoðarmanna þeirra, skuli greiðast, þá hefði að mínu áliti átt að ákveða það í lagafrumvarpinu sjálfu, enda væri heppilegast í því tilliti að sömu ákvæði giltu fyrir allt landið.

Meðal annara nýrra ákvæða má geta þess, að þegar fjárkláði kemur upp á tíma-bilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, það er að segja á þeim tíma, þegar fjeð er í fullu verði til slátrunar, skal þegar í stað slátra hinu sjúka fje, nema því að eins að eigandinn kjósi heldur að það á hans kostnað sje tekið til lækningar af hreppstjóranum eða aðstoðarmönnunum hans, og að veita má amtmönnunum vald til að fyrirskipa fjárböðun einnig á þeim stöðum í ömtum þeirra, þar sem kláða enn eigi hefir orðið vart, — og verður að álita ákvæði þessi heppileg.

Enda þótt jeg þannig eigi geti sjeð, að lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir, hafi í sjer fóligna neina verulega bót á ákvæðum þeim, er gilda í því efni, er hjer ræðir um, er þó að líkindum eigi næg ástæða til að synja því allrahæstrar staðfestingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um viðauka við lög nr. 3, frá 2. Febrúar 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863. — Með þóknanlegu bréfi dag- 50
14. apr.

50 14. apríl settu 30. septbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu, og samþykkt var af alþingi síðastliðið sumar, um viðauka við lög nr. 3, 2. febrúar 1894, um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, og látið þjer jafnframt í ljósi, að nefnt lagafrumvarp sje að yðar skoðun vel til þess fallið, að mælt verði með, að það hljóti allrahæsta staðfestingu.

Að undantekinni 1. grein frumvarpsins, sem ekkert verður á móti haft, er efni þess, og þá sjerstaklega 2. grein frumvarpsins, þannig lagað eptir skoðun ráðaneytisins, að því hefir þótt mjög svo varhugavert að mæla fram með því, að frumvarpið yrði gjört að lögum.

Tilgangurinn með 2. grein er, eins og þjer hafið tekið fram, sumpart sá, að koma í veg fyrir að farið verði kring um lögin 2. febrúar 1894 á þann hátt, að lausamaður segi rangt frá ársheimili sínu, sumpart sá, að fyrirbyggja að menn skjótist undan vistaskyldunni með því að skýra rangt frá því að þeir sjeu hjú annara.

Eptir ákvæðum þeim, er þannig er stungið upp á, mundu skapast tvær nýjar yfirsjónir, er hingað til eru óþekktar í löggjöfnni, og varða skyldu hegningu; í fyrsta lagi, að *lausamenn*, sem hafa leyfisbrjef sín í reglu og að öðru leyti uppfylla tyrirskipanir laganna 2. febrúar 1894, eru staddir utan hins lög heimilis síns, án þess að hafa með sjer leyfisbrjef sín og skirteini, staðfest af yfirvaldi, frá húsbændunum, sem þeir eiga heima hjá, um heimilisfang þeirra, og í öðru lagi, ef *húsbændur*, sem láta hjú sín stunda atvinnu í öðrum sveitum, láta þau ekki hafa með sjer sams konar skirteini. Alveg að því slepptu, hve óheppilegt það er, að fyrra ákvæðið er orðað eins og tyrirskipun um að hafa með sjer hið skriflega skirteini um ársheimili stæði áður í hinni fyrri löggjöf — sem ekki á sjer stað, þar sem í 3. grein er að eins talað um skirteinið eins og sönnun, sem eigi að útvega, *ef krafizt er* — og að ákvæði þetta því í raun og veru ekki er lögboðið í hinu umrædda frumvarpi, heldur að eins gjört ráð fyrir því, og að slepptu enn fremur síðar áminnztu niðurlagsákvæði greinarinnar, verður ráðaneytið að álíta, að þessi tvö nýju boð, að viðlagðri hegningu ef út af er brugðið, geti ekki orðið rjettlætt með því að þau sje nauðsynleg til framfylgðar hinni íslenzku löggjöf um lausamenn og hjú, þar sem tilskipun um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863 og lög um breytingu á þeirri tilskipun 2. febrúar 1894 hafa í sjer fólgin hin nauðsynlegu hegningarákvæði, bæði fyrir lausamenn, sem hafa ekki fast ársheimili eða vanrækja að skýra frá því, og fyrir þá, sem skyldir eru til að vera í vist, en koma sjer hjá því, og fyrir þá, sem hjálpa hinum síðastnefndu til að komast undan skyldu sinni. Að það mundi verða að nokkrum mun auðveldara að framfylgja þessum ákvæðum, ef lögreglufyrirskipanir þær, er í sjálfu sjer eru nokkuð harðar og hjer um ræðir, yrðu lögleiddar, verður naumast álitid. Það væri fremur hugsanlegt, að það yrði farið í kring um núgildandi ákvæði einmitt í skjóli hinna, sem hjer eru fyrirhugaðar, um leið og hin síðarnefndu mundu geta leitt til þess að margir, sem ekki hafa hugsað sjer að brjóta hjúa- og lausamannalöggjöfina, mundu, eða að minnsta kosti gætu, orðið fyrir refsingu fyrir lítilfjöríegt skeytingarleysi án þess að hafa haft nokkuð í raun og

veru hegningarvert í huga. Við þetta bætist, að ákvæðin í 2. málsgrein, 2. mál- **50**
lið greinarinnar, eru því nær allsendis [óskiljanleg. Með »vanrækslu húsbónd-
ans« hlýtur að vera átt við það, að hann undanfelli að láta hjúid hafa það skír- **14. apríl**
teini, sem nefnt er í niðurlagi 1. kafla greinarinnar. En það verður ekki sjeð,
að hjúid yfir höfuð *geti* bakað sjer nokkra sekt fyrir þess háttar vanrækslu. Það
getur ekki fengið neina sekt eptir lagafrumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, því
að í því er ekki ákvæðin nein hegning fyrir hjúid fyrir það að hafa ekki með
sjeð hið áminnzta skirteini og þeirri lagalegu ábyrgð, sem það getur bakað sjer
samkvæmt 9. og 10 gr. tilskipunar 26. maí 1863, mun það aldrei geta sætt, ein-
ungis sökum þess að það hefur ekki þess háttar skilríki. Það mun þá heldur
ekki geta bakað sjer hana við vanrækslu húsbóndans. Skyldi í raun og veru
hafa verið til ætlazt með þessum fyrirskipunum, sem hjer er um að ræða — og
á það geta bent ummæli yðar í ofannefndu brjefi — að hjúid yrði einnig látið sæta
hegningu fyrir að hafa ekki hið áminnzta skirteini, en að það hafi aptur aðgang
að hlutadeigandi húsbónda, ef hjúid yrði dæmt í sekt og málskostnað sökum van-
rækslu hans á því að láta það hafa hið oftnefnda skirteini, þá er þar við að at-
huga, að sá skilningur getur ekki samrýmzt við orðalag nefndra ákvæða, eins óg
líka þess háttar fyrirkomulag í sjálfu sjer væri alveg óhæft frá hegningarlaga-
legu sjónarmiði.

Eins og ráðaneytið verður þannig að vera á þeirri skodun, að ákvæði
2. gr. lagafrumvarpsins sjeu ekki til þess fallin að öðlast lagalegt gildi,
þannig verður það enn fremur að álita, að það sje yfirleitt ekki þöf á
nýjum fyrirskipunum í þá átt, sem alþingi hefir hjer farið. Það þótt-
þegar ísjárvert að ráðaneytið mælti fram með allrahæstri staðfestingu á ákvæð
unum í 3. og 4. gr. laga 1894, og ráðaneytið verður því síður að álita það æski-
legt, að haldið verði lengra í þá átt að koma á hamlandi og íþyngjandi lögreglu-
fyrirskipunum í þessu efni, þar sem hin gildandi aðalregla í þessu efni — nauð-
ungarskylda fyrir vissa stjett manna til að láta vista sig sem hjú — verður að á-
litast úreilt, og vafasamt er, hvort hún sje á gildum rökum byggð. Af þessum á
stæðum, og þar sem ákvæðin í 1. gr. lagafrumvarpsins eru svo þýðingarlitil, að
ekki virðist ástæða til þeirra vegna fyrir stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi
endurbætt frumvarp um þetta efni, hefir ráðaneytið í tillögum sínum allraþegnsam-
legast látið sjer nægja að leggja til að nefndu frumvarpi yrði synjað allrahæstar
staðfestingar. Þessa tillögu hefir hans hátign konunginum allramildilegast þókn-
azt að fallast á 6. þ. m.

Þetta undanfellum vjer ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna í sambandi
við áður nefnt brjef yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi það, er kom saman í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frum-
varp til laga, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, um viðauka við lög nr. 3, 2,

50 febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Islandi 26. maí 1863. Um leið og jeg sendi lögín eins og þau voru samþykkt af alþingi sem og í danskri þýðingu, 14. apríl skal jeg leyfa mjer lotningarfyllst að taka fram það, sem hjer segir.

Tilgangurinn með áðurnefndu lagafrumvarpi er sá, að koma í veg fyrir að farið verði kring um fyrnefnd lög 2. febrúar 1894 á þann hátt að lausamaður segi rangt frá ársheimili sínu samkvæmt 3. gr. laganna eða skýri ranglega frá, að hann sje í vist hjá nafngreindum manni. Hvað hið fyrnefnda atriði snertir, reynir lagafrumvarpið að koma í veg fyrir að farið verði kring um lögín á þann veg, með því að skylda hvern lausamann til, að viðlögðum sektum, þegar þess er krafizt og hvar sem hann er staddur, að bafa til sýnis auk lausamennsku leyfisbrjefsins einnig skírteini það, sem ræðir um í fyrnefndri lagagrein, staðfest af hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta. Sömuleiðis er reynt að koma í veg fyrir, að skýrt sje rangt frá vist, með því að skylda hvern húsbónda, sem lætur hjú sitt leita atvinnu sem kaupamaður eða þess háttar í annari sveit, til að láta það hafa sams konar staðfest skírteini um stöðu þess og heimili, þannig að sjerhver, sem segist vera í vist og getur ekki sýnt þess háttar skírteini, verður fyrir sektum samkvæmt lagafrumvarpinu.

Þar sem enn fremur sú lögleysa var farin að tíðkast, að lausamenn vistuðu til sín einhleypa menn sem hjú, er lausamönnum bannað í lagafrumvarpinu að viðlögðum tilfinnanlegum sektum að halda hjú. Loks er tekið upp í lagafrumvarpið ákvæði um, að þeir karlar eða konur, sem stundi nám í föstum skólum að minnsta kosti sex mánuði af árinu, sjeu undanþegnir vistarskyldunni það ár, þar sem það þótti leika efi á um það, hvort karlar eða konur, sem gengju á gagnfræðaskóla eða kvennaskóla, væru þess háttar undanþágu aðnjótandi, en fyrir flesta er hún skilyrði fyrir því, að þeir geti menntað sig á þennan hátt, þar sem þeir nota sumarleyfið til þess sem kaupamenn eða á aunan líkan hátt að vinna sjer inn það, sem með þarf til að kosta sig á skólanum.

Með þessum athugasendum leyfi jeg mér lotningarfyllst að láta þá skoðun mína í ljósi, að lagafrumvarp það, sem hjer liggur fyrir, sje vel til þess fallið að mælt verði fram með að það hljóti allrahæsta staðfestingu.

51 Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um erfðafestu á landi Isafjardarkaupstaðar. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., hafid þjer, herra bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar á Ísafirði beiðzt þess, að jeg samþykki þá breyting á skilmálum þeim, sem settir eru með brjefi mínu 23. oktbr. 1891 (Stj.tíð 1891 B, bls. 174—175) um útmæling til erfðafestu á landi kaupstaðarins til túnaræktunar, að veita megi lóðarstykkinn eptirgjaldslaust 5 fyrstu árin til túnaræktunar, og að samþykkið til erfðafestuútmælinga megi einnig ná til engja jarðarinnar Stakkaness og Seljalands, sem kaupstaðurinn nú er orðinn eigiandi að.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni, að jeg hjer með veiti hið umbeðna samþykki.

52 Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna yfir Islandi um breyting á lántöku- 6. apríl leyfi handa prestakalli. — Með brjefi, dagsettu 15. f. m., hafa hin heidruðu stíptsyfirvöld sent hingað erindi, dagsett 9. desbr. f. á., frá prestinum í Árnesi í